

Alþingi
Erindi nr. P 137/178
komudagur 12.6.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 12. júní 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um drög að breyttu frv. til l um stofnun ríkis eignaumsýslufélag (1. mál)

Hér að neðan eru viðbótaráendingar SFF við breytt drög að frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja. Ábendingarnar eru settar fram í framhaldi af ósk nefndarinnar þar um á fundi SFF og fulltrúa nýju bankanna með henni 4. júní sl.

Við 1. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði felld brott.

Skýring:

Í tillögunum er gert ráð fyrir að yfirtaka atvinnufyrirtækis gerist í frjálsum samningum milli félagsins og viðkomandi fjármálafyrirtækis, og að sama eigi við um ráðgefandi hlutverk félagsins sem ráðgjafa fyrir fjármálafyrirtæki. Í ljósi þess er jafnframt eðlilegt að lögin verði almenn og geti nýst öllum fjármálafyrirtækjum. Með því að fella brott 2. mgr. er gildissvið laganna ekki takmarkað við fjármálafyrirtæki í eigu ríkissjóðs eða sparisjóði sem ríkissjóður hefur lagt til fé.

Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Tilgangur félagsins er eftirfarandi:

- a. að veita fjármálafyrirtækjum sem þess óska ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja,
- b. að taka yfir kröfur á hendur og eftir atvikum eignarhluti í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum,
- c. að selja kröfur og eignarhluti sem félagið hefur tekið yfir og
- d. að auka yfirsýn, gagnsæi og þekkingu á fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja.

Áður en félagið tekur yfir kröfur eða eignarhluti í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum skal félagið gera skriflega áætlun um kaupin, rekstur félagsins og sölu þess. Félagið skal í reglulegum skýrslum sínum gera grein fyrir því hvernig áætlanir þess ganga eftir. Félagið skal ráðstafa eignum sem það yfirtekur, með gagnsæjum hætti og að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni, dreifða eignaraðild, þ.m.t. eignaraðild starfsfólks, háværkun verðmæta ríkissjóðs og byggðafestu.

Þjóðhagslega mikilvægt atvinnufyrirtæki í lögum þessum merkir fyrirtæki sem sinnir svo mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum að stöðvun þess um lengri eða skemmri tíma myndi valda verulegri röskun á þjóðfélaginu öllu.

Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins, setja félaginu gagnsæjar og hlutlægar starfsreglur um starfsemi þess, sérstækt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra til þátttöku í einstökum málum, fyrirkomulag við endurskipulagningu og yfirtöku, þ.m.t. fjármögnun félagsins, og sölu eigna þar sem jafnræðis og sanngirni skal gætt.

Skýring:

Gerð er tillaga að skýrara orðalagi á tilgangi félagsins. Eðlilegt er að fjármálafyrirtækið sjálf hafi frumkvæði að því að óska ráðgjafar hjá félaginu í tengslum við endurskipulagningu, enda ekki rök fyrir því að í þeim meginhluta tilvika þar sem endurskipulagning er unnin í góðri sátt fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar sé lögbundin krafa um að utanaðkomandi aðili komi að málinu. Þá er eins og í upphaflegu frumvarpi gengið út frá því að yfirtaka á eignarhlutum eigi einvörðungu við um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, og þá á grunni samnings við það/þau fjármálafyrirtæki sem atvinnufyrirtækið er í viðskiptum hjá.

Lagt er til að fjármálaráðherra setji félaginu starfsreglur. Þær skuli vera gagnsæar og hlutlægar, og taka á fyrirkomulagi við endurskipulagningu og yfirtöku félagsins, og sölu eigna á grunni jafnræðis og sanngirmi. Afar mikilvægt er að sérstaklega verði í þeim reglum kveðið á um hvernig fjármögnun félagsins vegna yfirtöku á einstökum fyrirtækjum sé háttað. Miklu skiptir að ljóst sé hvaða áhættu félaginu er heimilt að taka fyrir hönd ríkisins. Einnig er gert ráð fyrir að í starfsreglum sem fjármálaráðherra setur félaginu sé kveðið á um sérstakt hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra. Í innri starfsreglum fjármálafyrirtækja, sem settar hafa verið á grundvelli 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, skal kveða ítarlega á um þátttöku einstakra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í meðferð og ákvörðunum um einstök mál. Hafa má þær reglur til hliðsjónar.

Við 4. gr.

Í stað 3-5 mgr. komi svohljóðandi ákvæði:

Um almennt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer samkvæmt 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Skýring:

Breytingin skýrir sig sjálf. Eðlilegt er að sams konar almennar hæfisreglur gildi um stjórn og starfsmenn félagsins og almennt gilda um fjármálafyrirtæki. Gert er ráð fyrir að reglur um sérstakt hæfi, sbr. lokamálsgrein í 4. gr. í drögunum, sé að finna í starfsreglum sem fjármálaráðherra setur félaginu sbr. 4. mgr. 3. gr. hér að framan.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Um miðlun upplýsinga fjármálafyrirtækis til félagsins fer samkvæmt ákvæðum 58. og 60 gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Skýring:

Mikilvægt er að félagið geti fengið upplýsingar um þau mál sem það vinnur með hverju sinni, en ekki viðtækari upplýsingar en það. Í samræmi við að lagt er upp með að aðkoma félagsins að málum verði á grunni samnings við fjármálafyrirtækið er eðlilegast að hinar almennu reglur laga um fjármálafyrirtæki um aðgang að upplýsingum gildi. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki er almennt ákvæði um að stjórn og starfsmenn þess skuli gæta trúnaðar um málefni viðskiptamanna, nema lög mæli á annan veg eins og á við gagnvart eftirlitsstofnunum fjármálamárkadaðar, skattýfirvöldum og rannsóknarstofnunum vegna bankahrunsins. 60 gr. veitir síðan fjármálafyrirtæki heimild til að veita upplýsingar sem annars væri ekki heimilt að veita ef viðkomandi viðskiptavinur leyfir. Ganga má út frá því að slík heimild yrði veitt í tengslum við mál sem félagið hefur með höndum. Þá skal haft í huga að atvinnufyrirtækinu sjálfu er frjálst að afhenda félaginu þær upplýsingar sem það vill.

Við 6. gr.

2. og 3. mgr. orðist svo:

Fjármálafyrirtæki skal senda félaginu yfirlit yfir þátttöku sína og dótturfélaga sinna í atvinnustarfsemi skv. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í yfirlitinu skal greina nöfn þeirra atvinnufyrirtækja sem um ræðir, stærð eignarhlutar, nöfn stjórnarmanna sem fjármálafyrirtæki hefur tilnefnt til setu í stjórn viðkomandi atvinnufyrirtækja og í hvaða atvinnugrein þau starfa. Jafnframt skal fjármálafyrirtæki senda félaginu upplýsingar um sölu á eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum sem fjármálafyrirtækið eða dótturfélag þess hafa tekið yfir á grundvelli 22. gr. sömu laga. Þá skal fjármálafyrirtækið senda félaginu upplýsingar um þær verklausreglur sem það fylgir við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.


Félagið skal á starfstíma þess veita efnahags- og skattanefnd Alþingis skýrslu um störf sín eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Þar skal upplýst um fjölda atvinnufyrirtækja sem sætt hafa endurskipulagningu og hversu oft, á hvaða sviðum atvinnulífsins þau starfa, hvaða úrræði hafa verið notuð til að leysa skuldavanda fyrirtækjanna í hverju tilviki fyrir sig og áhrif þess á efnahag viðkomandi fjármálafyrirtækja, og hvernig staðið hefur verið að sölu og verðmati eigna sem félagið eða fjármálafyrirtæki sem lögin taka til hafa yfirtækið og hvort endurskipulagning hafi í hverju tilviki fyrir sig borið árangur. Skýrslan til efnahags- og skattanefndar skal einnig hafa að geyma heildstætt yfirlit yfir þátttöku fjármálafyrirtækja í atvinnustarfsemi á Íslandi og hvernig hún er að þróast. Félagið skal birta skýrsluna á heimasíðu sinni eftir að hún hefur verið kynnt þingnefndinni.

Skýring:

Í nýrri 2. mgr. 6. gr. er lagt til að fjármálafyrirtækinu sé skylt að senda félaginu yfirlit yfir þátttöku sína og dótturfélaga sinna í atvinnustarfsemi skv. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki og um sölu á eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum sem fjármálafyrirtækið eða dótturfélag þess hafa tekið yfir á grundvelli sama ákvæðis. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir að fjármálafyrirtækið sendi upplýsingar um þær verklagsreglur sem það fylgir við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.

Í nýrri 3. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir sambærilegri upplýsingagjöf gagnvart nefndinni og drögin að frumvarpinu leggja upp með að fjármálaráðherra veiti. Eðlilegt er að kjörnir fulltrúar allra flokka sem sæti eiga í efnahags- og skattanefnd séu móttakendur þeirra upplýsinga sem um ræðir. Ekki er þó gert ráð fyrir að upplýst verði um hvaða fyrirtæki eiga í hlut, hverjir hluthafar þeirra eru og eignarhald tengdra aðila, sbr. drögin, enda getur þar verið um að ræða viðkvæmar samkeppnisupplýsingar. Gert er ráð fyrir að félagið birti umrædda skýrslu jafnframt opinberlega á heimasíðu sinni í kjölfar þess að málið hefur verið rætt við efnahags- og skattanefnd.

Virðingarfyllst,
f.h. SFF



Guðjón Rúnarsson